

**Nd.**

**145. Tillaga**

til þingsályktunar nm samkomnstað Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Þorleifur Jónsson,  
Magnús Torfason, Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson,  
Jörundur Brynjólfsson, Bernh. Stefánsson, Bjarni Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þjóðaratkvæðagreiðslu í sambandi við fyrirhugað landskjör á sumri komanda

um það, hvort Alþingi skuli eftirleiðis háð á Þingvöllum eða í Reykjavík. Skal við atkvæðagreiðsluna farið eftir kjörskránni við alþingiskosningar í sérstökum kjördæmum.

#### Greinargerð.

Tillaga um þetta efni hefir tvisvar áður verið borin fram í neðri deild Alþingis, 1926 og 1929, fyrra sinn af 3 þdm., síðara sinn af 10. 1926 féll tillagan með 14 gegn 12 atkv., en 1929 dagaði hún uppi í þingönnunum síðstu daganna og varð eigi útrædd.

Áhugi á þessum máli hefir aukizt mjög á síðari árum í flestum sveitum landsins, og hágu fyrir síðasta þingi um 30 áskoranir, víðsvegar að af landinu, um ráðstafanir til atkvæðagreiðslunnar.

Þjóðinni skilst æ betur og betur, að öryggi Alþingis um samkomustað og aðstöðupægindi til starfa er ein af meginstöðum menningar hennar og siðmennilegs þroska.

Mikill hluti landsmanna óskar einlæglega eftir flutningi þingsins til Þingvalla og trúir því, að þar farnist því best. Sú trú er á skynsamlegum röknum reist og hún er framar öllu öðru vottur einlægrar nánhyggju þjóðarinnar fyrir þeirri stofnun, sem hún á og verður jafnan að eiga allt sitt transt undir, — fyrir Alþingi sjálfu.

Vér, sem tillögnum flytjum, teljum einsætt, að virða beri framkomnar óskir og áhuga um atkvæðagreiðsluna og leyfa þjóðinni að láta uppi álit á málinu. Fyrir því er tillagan fram komin.